

Fimmtudaginn 4. desember 1986.

Nr. 163/1985. **Axel Ström Óskarsson**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Erni Höskuldssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júlí 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Í greinargerð 2. júní 1986 hefur áfrýjandi gert þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur í greinargerð 3. nóvember 1986 gert þær dómkröfur að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði staðfest og honum tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Er mál þetta skyldi munnlega flutt í Hæstarétti 2. þ.m. óskaði áfrýjandi eftir fresti um ótiltekinn tíma til þess að ljúka vitnamáli, sem hann hafði þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 21. fyrra mánaðar. Stefndi mótmælti frestbeiðni þessari og krafðist málskostnaðar í þessum þætti málsins. Fór því næst fram munnlegur málflutningur um frestbeiðni áfrýjanda og að honum loknum var ágreiningsefnið tekið til úrskurðar.

Grundvöllur fjárnáms stefnda er dómsátt, sem áfrýjandi undirgekkst á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 28. júní 1983. Hið áfrýjaða fjárnám fór fram 12. desember 1984. Áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu 5. júlí 1985. Með bréfi dagsettu 16. maí 1986 óskaði áfrýjandi eftir því við héraðsdómara að vitna- og aðilayfirheyrslur færu fram í málinu. Hinn 3. nóvember 1986 var því lýst yfir fyrir Hæstarétti af hálfu beggja aðila, að málið væri tilbúið til munnlegs flutnings fyrir Hæstarétti.

Af gögnum málsins verður eigi séð að áfrýjandi hafi óskað eftir yfirheyrslum yfir vitnum fyrr en með bréfi 16. maí 1986. Voru þá

liðnir meir en 10 mánuðir frá því að hann tók út áfrýjunarstefnu í málinu. Af hans hálfu var því lýst yfir hinn 3. nóvember 1986 að málið væri tilbúið til munnlegs flutnings án þess að yfirheyrslur hefðu þá farið fram. Er málið skyldi flutt að efni til 2. þ.m. óskaði áfrýjandi eftir fresti þar sem ekki hefði unnist tími til að ljúka vitna-málinu. Þegar þetta er virt þykir bera að synja um hinn umbeðna frest og skal munnlegur flutningur fara fram þriðjudaginn 9. desember 1986 kl. 15:00.

Rétt þykir að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Á l y k t a r o r ð:

Synjað er um hinn umbeðna frest og verður málið tekið til munnlegs flutnings að nýju þriðjudaginn 9. desember 1986 kl. 15:00.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. desember 1986.

Nr. 256/1985. **Axel Ström Óskarsson**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl)

gegn

Ævari Einarssyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1985. Í greinargerð 2. júní 1986 hefur áfrýjandi gert þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.